

23.1.2024

Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur

Kópavogur-Garðabær. Kjóavellir landsendi

Fyrir hönd Skógræktarfélags Kópavogs sendi ég inn ábendingu vegna byggingu á nýjum vatnstanki við Kjóavelli. Félagið leggur áherslu á að í leiðinni verði nýr vegur lagður að Guðmundarlundi. Tenging frá vatnstankinum og að Guðmundarlundi er örstutt og við það myndi gamall, mjór og úr sér genginn vegur upp á hæðina afleggjast. Vetrarþjónusta og öll önnur þjónusta verður miklu auðveldari. Jafnframt verður mögulegt að bæta aðkeyrslu að svæðinu og auka öryggi gesta með því að færa aðkomu bifreiða utar á bílastæðið. Í dag er innkoma bifreiða á bílastæðið þannig að öryggi getur varla talist ásættanlegt og þurfum við í sameiningu að finna betri farveg þannig að öryggi verði tryggt.

F.h. Skógræktarfélags Kópavogs
Pröstur Magnússon